

Tilraunastöðin á Keldum 1948 - 1968



Útsýnið og aðkeyrslan að Tilraunastöðinni á Keldum 1960

Tilraunastöðin tengdist læknadeild Háskóla Íslands, aðalhlutverk hennar var að rannsaka búfjárjúkdóma, greina þá og kanna útbreiðslu þeirra, leita nýrrar þekkingar á eðli þeirra og afleiðingum og finna ráð til varnar. Fyrstu verkefnin voru m.a. rannsóknir á nýlega innfluttum sauðfjárjúkdómum (mæðiveiki og garnaveiki) sem hingað bárust með innflutningi karakúlfjár árið 1933.

Keldur eru m.a. þekktar fyrir brautryðjandi rannsóknir á hæggengum veirusjúkdómum sem *Björn Sigurðsson* skilgreindi fyrstur manna.



Blóðhross á Keldum um 1960. Árbærinn enn óbyggður í baksýn



Heyjað var fyrir hross og sauðfé á Keldum. *Gunnar Ólafsson* við slátt

Fyrstu forstöðumenn Keldna, þeir *Björn Sigurðsson* og *Páll Agnar Pálsson*. Auk þeirra voru í byrjunarstarfsliðinu 1948 *Halldór Grímsson*, efnafræðingur og aðstoðarfólkið *Anna G. Tryggvadóttir*, *Björg Einarsdóttir*, *Lydía Thorarensen* og *Páll Sigurðsson*. Fyrsti bústjóri á Keldum var *Gunnar Ólafsson*. *Friðrik Pétursson*, bílstjóri, hóf störf 1950.

Í tilefni af 75 ára afmæli Keldna voru ljósmyndir sem *Páll Sigurðsson* tók á fyrstu áratugum starfseminnar á Keldum valdar hér til sýningar.



Björn Sigurðsson og *Páll A. Pálsson*



Búmenn bera á tún. Hús forstöðumanns (t.h.) var fullbyggt 1948




Efsta tilraunahúsið og dýrahúsin voru að mestu tilbúin 1948



Bygging Miðhúss hófst 1958 - Verklök voru skráð 1963

Tilraunastöðin á Keldum 1948 - 1968



Blóðtaka úr Keldnahrossum (*Jón Guðmundsson, Páll A. Pálsson, Auður Ingólfsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson*)



Sprautað í æð á mús (*Páll A. Pálsson*)

Áður en starfsemi hófst á Keldum var framleitt bóluefni gegn bráðapest undir forystu *Nielsar P. Dungal* á Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg. *Björn Sigurðsson* og samverkafólk hans hélt bóluefnagerð áfram á Keldum. Þar var þróað bóluefni sem kom að mestu í veg fyrir tjón af völdum garnaveikibakteríunnar *Mycobacterium paratuberculosis* en bakterían barst til landsins 1933 með karakúlfénu. Í framhaldinu gjörbreyttust aðstæður til sauðfjárræktar þar sem garnaveikin hafði herjað.

Um áratuga skeið var framleiðsla og sala á bóluefni og mótefnasermi mikilsverður þáttur í starfsemi Keldna. Bóluefni voru einkum framleidd gegn garnaveiki, garnapest, lungnapest, lambablóðsótt og bráðapest. Mótefnasermi var unnið úr blóði hrossa sem höfðu verið látin mynda mótefni gegn *Clostridium*-bakteríunni sem orsakar lambablóðsótt. Serminu var sprautað í nýfædd lömb.

Sauðfjárveikivarnir til húsa á Keldum strax 1948



Verið að bólusetja lamb



Guðmundur Gíslason



Halldór Vigfússon við rannsóknir á bakteríum. Líffærasýnasafn í baksýn



Í tengslum við baráttuna gegn karakúlsjúkdómunum var *Guðmundur Gíslason* (1907-1969), læknir, ráðinn sem ráðunautur sauðfjársjúkdómanefndar. Í byrjun stundaði *Guðmundur* rannsóknir sínar með próf. *Nielsi P. Dungal* (1897-1965) á Rannsóknarstofu Háskólans og naut þar aðstoðar *Halldórs Vigfússonar* (1906-1994). Starfsemin flutti 1948 að Keldum. *Guðmundur* og *Halldór* voru fyrstu starfsmenn Sauðfjárveikivarna sem tilheyrðu landbúnaðarráðuneytinu.

Fyrstu viðfangsefnin voru einkum greiningar á útbreiðslu mæðiveiki og garnaveiki í sauðfé og ráðgjöf um varnar- aðgerðir. Fjárskoðun var skipulögð og sýnum safnað í sláturhúsum. Vanþrifakindur voru sendar að Keldum til rannsókna. Starfslið „Varnanna“ sá að mestu um greiningar á sjúkdómum, sjúkdómsvöldum og orsökum vanþrifa í búfé.

Sérfræðingar á Tilraunastöðinni og yfirdýralæknir, sem einnig hafði aðsetur á Keldum, voru kvaddir til aðstoðar þegar tilefni gafst. Mikil og árangursrík samvinna þróaðist milli þessara aðila.

Tilraunastöðin á Keldum 1948-1968



Guðmundur Pétursson
varð forstöðumaður 1967

Starfsemin innanhúss byggði á glénýjum tækjakosti, vel þjálfuðu starfsfólki og vel menntuðum sérfræðingum. Auk þeirra *Björns Sigurðssonar* (1913-1959) og *Páls A. Pálssonar* (1919-2003) var *Halldór Grímsson* (1919-2006), efnafræðingur og rafeindasmásjár-sérfræðingur í byrjunarstarfsliðinu 1948.

Halldór Þormar (1929), lífeðlisfræðingur, bættist síðar í hópinn. Hann vann af og til á Tilraunastöðinni á 6. og 7. áratugnum við rannsóknir á mæði- og visnuveiru.

Margrét Guðnadóttir (1929-2018), læknir og veirufræðingur, vann af og til á Keldum á 6. áratugnum. Hún gengdi þar sérfræðingsstöðu 1960-1969 en þá var hún ráðin, fyrst íslenskra kvenna, í stöðu prófessors við læknadeild Háskóla Íslands.

Haustið 1968 hófu nafnarnir *Guðmundur Georgsson* (1932-2010), læknir og meinafræðingur og *Guðmundur Eggertsson* (1933), erfðafræðingur, störf á Keldum.



Soffía Theodórsdóttir,
skrifstofustjóri frá 1956



Smásjárskoðun (*Helga Helgadóttir*)



Glös þvegin og sæfð (*Björg Einarisdóttir*)



Glerþvottur (*Soffía Einarisdóttir*)



Ræktun á mæðiveiru og sæfing á bóluefni
(*Elsa Benediktsdóttir*)



Páll Sigurðsson, bóluefnisstjóri
og staðarljósmyndari Keldna



Örskilvinda (*Halldór Grímsson*)

Keldur voru í upphafi stofnaðar til að rannsaka og takast á við sjúkdóma sem ógnuðu sauðfjárrækt í landinu eftir að karakúlpestirnar (mæðiveiki, garnaveiki og visna) bárust til landsins með sauðfé frá Þýskalandi 1933. Rannsóknir á veirum og bakteríum krefjast flókins tækjabúnaðar.

Strax í upphafi var Tilraunastöðin mjög vel tækjum búin og mun hún í engu hafa staðið að baki sambærilegum stofnunum erlendis. Kaup voru meðal annars fest á örskilvindu og rafeindasmásjá og voru þessi tæki hin fyrstu sinnar tegundar sem tekin voru í notkun á Íslandi.



Fyrsta rafeindasmásjáin á Íslandi
(*Elsa Benediktsdóttir*)